

HAFNARREGLUGERÐ

73

30. júní

fyrir Raufarhöfn.

I. KAFLI**Takmörk hafnarinnar.****1. gr.**

Raufarhöfn takmarkast af línu, sem dregin er úr norðausturhorni Raufarhafnarhöfða í Hólshöfðatá.

II. KAFLI**Stjórn hafnarinnar.****2. gr.**

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps kýs þriggja manna hafnarnefnd, að loknum hreppsnefndarkosningum hverju sinni, til 4 ára í senn, og hefur hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar og yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum er henni lúta og annast fjárhald hafnarsjóðs, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

3. gr.

Hreppsnefndin veitir fé úr hafnarsjóði til hafnarframkvæmda o. fl. eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má innheimta með lögtaki.

III. KAFLI**Um almenna reglu.****4. gr.**

Hreppsnefnd ræður hafnarstjóra að fengnum tillögum hafnarnefndar og samþykkir laun hans.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boðum hans og banni, og enn fremur þeirra starfsmanna er hafnarnefnd eða hafnarstjóri setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

5. gr.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir, með því tefja fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf sem þar eru unnin.

6. gr.

Ekki má kasta seglfestu, ösku, kolum, eða neinu öðru, sem valdið getur skemmdum á höfninni, né flytja það frá landi út í höfnina. Sama gildir og um síldar- og fiskúrgang, nema með leyfi hafnarstjóra.